

Heimtaug fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa kr. 47 860 63 A 3-fasa kr. 64 870

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 970.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 10. maí 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 128, 6. febr. 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 229 878 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 51.65 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 43.01 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 51.65 kr/kWh, til véla.
2. 10.28 kr/kWh, og 41 137 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafnotkun 30 kW.
3. 77.43 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkja-gerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 43.01 kr/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 16.64 kr/kWh, til húshitunar.
2. 25.62 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 7.70 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 13.71 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 4.02 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 7.14 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08:00—24:00.
7. 13.88 kr/kWh, til hitunar á bilgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 19.74 kr/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tíma-bilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
- e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksafnotkun minnst 200 kW. 7.59 kr/kWh og 67 997 kr/kWh, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum kr. 402.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A kr. 1 108.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A kr. 1 632.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 4 095 á mánuði.
5. Móttökuliði kr. 889.00 á mánuði.
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Aðalheimtaug.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlínu- heimtaug breytt í jarðstrengs- heimtaug kr.	Einfasa- heimtaug 63 A aukin í 3x63 A kr.
	Lágmark kr.	lengdar- gjald kr.		
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	241 700	0	77 000	
63 A 3-fasa	271 500	0	96 000	49 000
100 A 3-fasa	189 700	9 105	121 300	
125 A 3-fasa	232 400	10 186	148 500	
200 A 3-fasa	362 600	13 813	231 800	
300 A 3-fasa	523 500	16 803		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	241 700	0	77 000	
63 A 3-fasa	324 700	0	133 100	97 900
100 A 3-fasa	321 000	9 105	205 300	
125 A 3-fasa	401 800	10 186	257 000	
200 A 3-fasa	628 400	13 813	401 800	
300 A 3-fasa	907 700	16 803		

- 2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.
- 2.3 Fyrir heimaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 4 582 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.
- 2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.
- 2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.
- 2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.
- 2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

- 2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
- 2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimitaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimitaugargjald fyrir hina nýju heimitaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimitaugar hvortveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimitaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.
- 2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimitaug í jarðstrengsheimitaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimitaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimitaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimitaug í jarðstrengsheimitaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.
- 2.11 **Bráðabirgðaheimitaugar.**
Heimitaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimitaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		Lengdargjald		
		Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	45 600	6 790	85 900
63 A	3-fasa	63 900	6 790	100 100
100 A	3-fasa	67 800	8 760	114 500

- 2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimitaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimitaug.
- 2.20 **Varðandi aðalheimitaugar og bráðabirgðaheimitaugar.**
- 2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimitaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 2.22 Heimitaugargjald skal greitt við umsókn.
- 2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa. skal greiða gjald 8 000 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

- 3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 6 500. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
- 3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 6 500 og sett viðeigandi vör.
- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.
- 3.7 Sölugjald 23.5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42.5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí. 1980 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 65 28. janúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

Gildir frá 10. maí 1980.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1.	Orka til almennrar lýsingar	kr. 95.25 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
A—2.	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW).	— 127 390 árskw.
Taxti B—1.	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	— 43.73 á kwst.
	Lágmarksgjald	— 650.00 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.	
Taxti C—1.	Orka til véla og mannvirkjagerða	— 95.25 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	
C—2.	Orka samkv. 15. mín. meðalafslmælingu + aflgjald (lágmark 20 kW.)	— 14.20 á kwst.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	— 57 581 árskw.
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	